

Jón Kristjánsson  
fiskifræðingur  
Krosshömrum 7A,  
112 Reykjavík

Símar: 587 9779, 892 7864  
jonkr@mmedia.is

Alþingi  
Erindi nr. Þ 135/338  
komudagur 22.11.2007

Reykjavík, 21. nóvember 2007

## Umsögn um þingsályktunartillögu

### Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aukinn þorskafla á fiskveiðiarinu 2007/2008. - 135. löggjafarþing 2007/2008, 5. mál.

Tillagan felur í sér að auka beri þorskafla fiskveiðiársins 2007-2008 um 40.000 tonn.

Ég álit að túlka eigi gögn úr þorskrannsóknnum þannig að auka þurfi veiðar úr stofninum.

Vísa ég þar sérstaklega til minnkandi meðalþyngdar þorsks eftir aldri undanfarin ár, eins og lesa má í skýrslum Hafrannsóknastofnunar.

Minnkun í fallþunga stafar af ætisskorti og til þess að auka einstaklingsbundið fæðuframboð er sú eina leið fær að fækka í stofninum.


Stofninn er hlutfallslega of stór fyrir núverandi fæðuframboð, nokkuð sem leiðir til hungurdauða og sjálfáts. Við slíkar aðstæður er ekki hægt að búast við aukinni nýliðun, stofninn bregst við ástandinu með því að minnka sjálfan sig.

Fóðurgjöf, t.d. minnkun loðnuveiða, er að mínu mati óraunhæf aðgerð, líffræðilega og fjárhagslega.

Ég er þeirrar skoðunar að 40.000 tonna viðbót sé of lítil til að hún skili sér í auknum vaxtarhraða þorsks. Að mínu mati þyrfti að auka aflamarkið í a.m.k. 250.000 tonn til að árangur yrði merkjanlegur.

Ef Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd óskar eftir frekari rökstuðningi og áliti mínu á hvers vegna svona illa gengur að "byggja upp" þorskstofninn er ég reiðubúinn til þess. Um yrði að ræða 40 mín. fyrirlestur.

Virðingarfyllst,



Jón Kristjánsson